

Hafnarfjarðarbær


Innk:	16/12/2019
Málsnr:	1912239
Bréfal:	461.0

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

HÞ, PS 06.80 Garðabær 11. desember 2019

Sjá meðfylgjandi afrit af bréfi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og til heilbrigðisnefnda Reykjavíkur og Kjósarsvæðis.

F.h. heilbrigðiseftirlits,


Páll Stefánsson
Deildarstjóri



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
B.t. Jóns Viðars Matthíassonar slökkviliðsstjóra
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík



HÞ, PS 06.80 Garðabær 11. desember 2019

Efni: Gerð Viðbragðsáætlunar til að draga úr loftmengun.

Á fundi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem haldinn var þann 2. desember 2019 var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Heilbrigðisnefnd óskar eftir að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) verði falið að gera samræmda viðbragðsáætlun til að draga úr loftmengun á starfssvæði nefndarinnar.

Nefndin hvetur enn fremur til þess að samvinna verði höfð við aðrar heilbrigðisnefndir á svæðinu.“

Greinargerð.

Samkvæmt 36. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998) og 15. gr. reglugerðar um loftgæði (nr. 787/1999 m.s.b.) ber heilbrigðisnefndum sveitafélaga að gera viðbragðsáætlanir til að draga úr loftmengun ef hún fer yfir skilgreind viðmiðunarmörk svo að hægt sé að uppfylla þau skilyrði sem sett eru um loftgæði á Íslandi. Eins og sjá má á ofangreindum ártölum hefur legið fyrir um langt árabil að sveitarfélögum (heilbrigðisnefndum) hefur borið skylda til að gera slíkar viðbragðsáætlanir. Að Reykjavíkurborg undanskilinni hefur ekkert sveitarfélag lokið þessari vinnu. Umhverfisráðuneytið leggur nú ríka áherslu á að þessari vinnu verði lokið eigi síðar en á árinu 2020. Þá áherslu má m.a. finna í áætlun um loftgæði á Íslandi 2019-2029, Hreint loft til framtíðar.


Fulltrúar heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hafa fundað með forsvarsmönnum framkvæmdasviða sinna sveitarfélaga um gerð slíkrar viðbragðsáætlunar. Kom þar fram að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hafi stýrt gerð ýmissa viðbragðsáætlana sem sveitarfélögin þurfa að gera í öðrum tengdum málaflokkum. Var það sameignleg niðurstaða að leita skyldi til SHS um aðstoð við gerð ofangreindrar viðbragðsáætlunar. Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur Garðabæjar ræddi í kjölfarið við fulltrúa SHS. Mun SHS hafa tekið vel í þann málatilbúnað sem ætti að vera hægt að vinna á árinu 2020. Mun slökkviliðið hafa lagt til að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu myndu sameinast um aðkomu að verkefninu.

Til samræmingar og til einföldunar við gerð viðbragðsáætlana um land allt gaf Umhverfisstofnun út handbók árið 2019; „Viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði. Skammtíma-



ráðstafanir til að draga úr loftmengun“. Tekur sú handbók verulegt mið af því sem Reykjavíkurborg hefur þegar gert.

Bréf þetta er sent Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðisnefndum Reykjavíkur og Kjósarsvæðis með ósk um samvinnu um þetta verkefni.

Virðingarfyllst,

Hörður Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri
F.h. Heilbrigðisnefndar
Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Afrit sent bæjarstjórum Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar og Kópavogs